

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: Hjalti Jón Guðmundsson
Dags: 18.08.2023
Boðaðir: Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason, Þorgils Torfi Jónsson
Fundarmenn: Allir mættir
Bréfalykill: 02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi
Málsnúmer: MAR22030127

Efni: 19. fundur - Umhverfissjóður sjókvíaelis - stjórn 2022-2026
(ÓSAMÞYKKT)

Frásögn af fundi

1. Fundargerðir síðasta fundar

Stjórn samþykkti fundargerð 18. fundar

2. Beiðni um afturköllun ákvörðunar um úthlutun

Stjórn barst erindi, dags. 30. júlí sl., frá umsækjanda sem sótti um í sjóðinn árið 2023. Í erindinu er óskað þess að stjórn afturkalli ákvörðun sína um að hafna verkefni umsækjandans og að afgangi styrkumsóknarinnar sé endurskoðuð. Stjórn fór yfir forsendur erindisins og var sammála um að óska eftir álitni utanaðkomandi lögfræðings. Starfsmanni var falið að útbúa drög að spurningum sem sendar yrðu lögfræðingi.

3. Lokaskýrslur

Stjórn samþykkti eftirfarandi loka-/framvinduskýrslur:

- Stjórn kynþroska hjá eldislaxi (2022)
- Vöktun umhverfisáhrifa sjókvíaelis (2022)
- Burðarþol fjarða (2022)
- Algorithmic Based Feeding (2022)
- Lúsasmit og heilsufar villtra laxfiska á Vestfjörðum og Austfjörðum (2022)

4. Beiðni um frest á skilum á lokaskýrslu

Stjórn barst erindi frá Náttúrustofu Vestfjarða þar sem óskað var eftir frestum á skilum á lokaskýrslu. Stjórn hafði fyrir fundinn sent styrkþega frekari ósk um upplýsingar en styrkþegi hafði ekki svarað erindu fyrir fund. Stjórn ákvað því að fresta dagskrárliðnum til næsta fundar.

5 Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd

Niðurstaða og ákvarðanir

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

